



VITAFÉLAGIÐ

Íslensk strandmenning

Dagskrá 2017-2018

Spegill fortíðar – silfur framtíðar

Konur og strandmenning (okt-nóv)

Árið 1918 (jan-apríl)

Hefðbundin dagskrá Vitafélagsins hefst þann 4. október 2017.
Athygli er vakin á því að dagskrá vetrarins verður haldin í húsnæði

Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur að Grandagarði 18, 2 hæð **Allir fyrirlestrar hefjast kl. 20.00**

Dagskrá vetrarins verður í raun tvískipt. Að hausti verða eingöngu konur á dagskrá og fjallað verður um konur og strandmenningu í víðasta skilningi. Eftir áramótin hefst

Konur og strandmenning

4 OKTÓBER 2017

Marsibil Erlendsdóttir, vitavörður: Vitavarsla á Dalatanga á síðari tímum.
Íris Gyða Guðbjargardóttir, sérfræðingur í menningarmiðlun: Sjúkonur: Það sem gleymdist í sögunni.

1 NÓVEMBER 2017

Inga Fanney Egilsdóttir, stýrimaður: Konan í brúnni. Inga segir frá upplifun sinni sem stýrimaður á far- og fiskiskipum.
Gunnhildur Hrólfsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur: „Þær þráðinn spunnu“. Konur í Vestmannaeyjum og hlutverk þeirra í samfélagi karla.

1918

Staða strandmenningar frá ólíkum sjónarhólum árið sem Ísland varð fullvalda ríki

10 JANÚAR 2018

Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur: Merkasta ár sögunnar? Lífskjör, áföll, fullveldi og siglingar á árinu 1918. Fjallað verður um aðstæður á Íslandi árið 1918, áhrif heimsstyrjaldarinnar fyrri á lífskjör fólks og þau áföll sem dundu á þjóðinni (frostavetur, Kötlugos og spænsku veikina). Einnig verður rætt um fullveldið og siglingar (millilandasiglingar og strandsiglingar).

7 FEBRÚAR, 2018

Þorleifur Óskarsson, sagnfræðingur: Fiskifley og fiskimenn. Fiskiskipastólinn (togarar seldir í fyrri heimsstyrjöld, lengist í þilskipaútgærd fyrir vikið). Tækniþróun í sjávarútvegi og áhrif styrjaldarinnar

7 MARS, 2018

Margrét Guðmundsdóttir / Þórarinn Hjartarson: Konur og fullveldið. Dagskrá í tali og tónum í flutningi hjónanna Margrétar Guðmundsdóttur sagnfræðings og Þórarins Hjartarsonar syngjandi sagnfræðings.

4 APRÍL, 2018

Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur: Sjávarsíðan í Reykjavík á fullveldisári. Fjallað um Reykjavíkurbæinn og þýðingu hennar fyrir bæinn og þjóðlífið. Einnig um Reykjavíkurslipp.



VITAFÉLAGIÐ

íslensk strandmenning

SÚÐBYRÐINGURINN Á LISTA HJÁ UNESCO

Málþing í

SJÓMINJASAFNI REYKJAVÍKUR GRANDAGARÐI 8

Föstudaginn 6. október KL. 14:00

Vitafélagið - íslensk strandmenning hefur ásamt öflugum hópi áhugafólks á Norðurlöndum unnið að því að fá norrænar hefðir við smíði súðbyrðings settar á lista hjá UNESCO yfir huglægar menningararfðir mannkynsins- listann yfir þýðingarmikla starfshætti sem borist hafa frá kynslóð til kynslóðar - hefðir sem munu hverfa verði þeim ekki viðhaldið. Á þriðja hundrað samstarfs- og stuðningsaðilar eru að verkefninu og hafa nú öll norrænu ríkin opnað lista yfir skráningu menningararfða UNESCO – nema Ísland.

Kynning á verkefninu verður
föstudaginn 6. október kl. 14:00 í
Sjóminjasafni Reykjavíkur II hæð

Dagskrá fundarins:

- „Reynirinn dregur til botns en einirinn heldur á floti“ – Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða
- Norrænar hefðir við smíði súðbyrðings á lista hjá UNESCO – Tore Friis-Olsen, Förbundet Kysten Noregi